

Fyrirspurn

til forsætisráðherra um Árneshrepp.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hvað líður framkvæmd tillagna nefndar sem ríkisstjórnin skipaði í samræmi við þingsályktun Alþingis „um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi“ (55. mál 128. löggjafarþings)?
2. Til hvaða annarra aðgerða hyggst ríkisstjórnin grípa sem styrki byggð og búsetu í Árneshreppi?